

## Origo hf. - Framboð til stjórnar á aðalfundi félagsins 3. mars 2022

Reykjavík, 25. febrúar 2022

Aðalfundur Origo hf. verður haldinn fimmtudaginn 3. mars kl 14:00. Fundurinn verður rafrænn og honum streymt frá Borgartúni 37, 105 Reykjavík, en hluthafar sem það kjósa eru jafnframt velkomnir á fundarstað.

Eftirtalin hafa gefið kost á sér til setu í stjórn Origo hf., sem kjörin verður á aðalfundi félagsins þann 3. mars næstkomandi:

Ari Daníelsson: kennitala: 200772-5399

Ari Kristinn Jónsson: kennitala: 170968-3879

Auður Björk Guðmundsdóttir: kennitala: 150866-4059

Hildur Dungal, kennitala: 140571-3859

Hjalti Þórarinsson, kennitala: 290175-3649

**Ari Daníelsson** er tölvunarfræðingur og MBA frá Háskólanum í Reykjavík, auk þess að hafa lokið viðbótarnámi í stjórnarháttum alþjóðlegra fyrirtækja (IDP) frá INSEAD viðskiptaháskólanum í Frakklandi. Hann er framkvæmdastjóri og stjórnarmaður hjá Reviva Capital S.A. í Lúxemborg, sem er sérhæft eignastýringarfyrirtæki með starfssemi 6 löndum. Ari hefur gegnt fjölmörgum stjórnarstörfum í fyrirtækjum á fjármálamarkaði, í greiðslumiðlun og í upplýsingatækni á Íslandi og erlendis á undanförunum 20 árum.

**Ari Kristinn Jónsson** lauk doktorsnámi í tölvunarfræði frá Stanford háskóla árið 1997, með áherslu á gervigreind. Næstu 10 árin starfaði hann hjá Geimferðastofnun Bandaríkjanna, NASA, sem sérfræðingur og stjórnandi. Meðal þeirra verkefna sem hann kom að voru Mars könnuðurnir Spirit og Opportunity og stýring sólarorkusafnara alþjóðlegru geimstöðvarinnar. Árið 2007 gekk Ari til liðs við Háskólann í Reykjavík og í byrjun árs 2010 var hann skipaður rektor háskólans. Á síðasta ári tók Ari við stöðu forstjóra AwareGO. Samhliða meginstörfum sínum síðustu 15 árin hefur Ari komið að ýmsum þáttum nýsköpunar og frumkvöðlastarfs á Íslandi, þ.m.t. með stjórnarsetu í hátækisprotum, aðkomu að stuðningsumhverfi og þátttöku í stefnumótun stjórnvalda.

**Auður Björk Guðmundsdóttir** tók sæti í stjórn Origo hf. í mars árið 2021. Auður Björk er framkvæmdastjóri Two Birds ehf. en var framkvæmdastjóri hjá Vátryggingafélagi Íslands hf. frá 2005 til 2018. Auður Björk hefur víðtæka reynslu af markaðsmálum, stjórnun og stefnumótun og setið í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja. Auður Björk er með B.A. gráðu í fjölmiðlafræði frá University of South Alabama, AMP gráðu frá IESE viðskiptaháskólanum í Barcelona og MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík.

**Hildur Dungal** tók sæti í stjórn Origo hf. í febrúar árið 2011. Hún útskrifaðist með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands. Hún gegndi starfi forstjóra Útlendingastofnunar, starfaði um árabil hjá dómsmálaráðuneytinu en er nú lögfræðingur yfirstjórnar innviðaráðuneytisins. Hildur hefur setið í stjórnnum nokkurra fyrirtækja.

**Hjalti Þórarinsson** tók sæti í stjórn Origo hf. í mars 2017. Hann er framkvæmdastjóri hjá Marel. Hjalti stundaði nám í rafmagns- og tölvuverkfræði í HÍ 1995-1998 og lauk MBA námi frá MIT í Bandaríkjunum.

Hjalti átti þátt í stofnun hugbúnaðarhússins Dímon árið 1998. Eftir MBA námið vann Hjalti í höfuðstöðvum Microsoft í 11 ár, og leiddi þar viðskiptaþróun fyrir gervigreind.

Það er mat stjórnar að öll framboð séu gild sbr. 63 gr. hlutafélagalaga og að meirihluti frambjóðenda séu óháðir Origo hf. Frekari upplýsingar um framangreinda aðila munu verða aðgengilegar á upplýsingasíðu aðalfundar 2022 á heimasíðu félagsins <https://www.origo.is/adalfundur>

Tilnefningarnefnd Origo hf. 2021 – 2022 leggur til að Ari Daníelsson, Ari Kristinn Jónsson, Auður Björk Guðmundsdóttir, Hildur Dungal og Hjalti Þórarinsson verði kosin í stjórn félagsins á aðalfundi 3. mars 2022, sbr. skýrslu tilnefningarnefndar dagsetta 9. febrúar síðastliðinn á heimasíðu félagsins <https://www.origo.is/adalfundur>.

Það er mat tilnefningarnefndar að tillaga nefndarinnar uppfylli vel viðmið nefndarinnar um hæfni og hæfi stjórnarmanna og kröfur sem gerðar eru til góðra stjórnarháttanna.

Stjórn félagsins hefur ákveðið í samræmi við grein 4.4. í samþykktum félagsins að aðalfundur verði eingöngu haldinn rafrænn og honum streymt frá Borgartúni 37, 105 Reykjavík, en hluthafar sem það kjósa eru jafnframt velkomnir á fundarstað. Skráning hluthafa á fundinn fer fram á heimasíðu félagsins <https://www.origo.is/adalfundur>

Fundurinn fer fram í gegnum tæknibúnaðinn Lumiglobal þar sem hluthafar geta fylgst með aðalfundarstörfum og tekið þátt í atkvæðagreiðslum. Nánari leiðbeiningar og upplýsingar um rafræna þátttöku, aðgangsorð og atkvæðagreiðslu er að finna á heimasíðu félagsins. Sérstök athygli er vakin á því að u.þ.b. fimm virka daga getur tekið að fá sent aðgangsorð og hluthöfum því bent að sækja um aðgangsorð tímanlega.